



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 12.01.2017

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. janúar 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2017

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að auglýsingum um umsóknir um styrki úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur 2017.

*Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr húsverndarsjóði 2017.
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Björgvin Rafn Sigurðarson

STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVÍKURBORGAR

Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

1. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Tímaáætlun.
3. Kostnaðaráætlun.
4. Ljósmynd af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmynd ef hún er til.

Frekari upplýsingar eru veittar í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni sem opin er á miðvikudögum frá kl. 15-17 og í síma 411 6333 á sama tíma.

Umsóknir eru eingöngu mótteknar á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á rafrænni Reykjavík; <http://rafraen.reykjavik.is>.

Umsóknir skulu berast umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í síðasta lagi 15. febrúar 2017.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað verður 2017 og verða ekki nýttir á árinu falla niður.